

Haustfundur Kvasis, haldinn í Vestmannaeyjum 5. – 7. nóvember 2003

Dagskrá:

Miðvikudagur 5. nóvember

- 16:45 Flug Reykjavík-Vestmanneyjar (Herjólfur 12:00 frá Þorlákshöfn)
17:30 Innritun á Hótel Eyjar, <http://www.hoteleyjar.eyjar.is/>
19:00 Kvöldverður á veitingastaðnum “Lanterna”
 - ◇ Haustfundur settur
 - ◇ Kynning frá endurmenntun sjómannaskólans Sigríður Ágústsdóttir

Fimmtudagur 6. nóvember

Fundastaður: Kennslustofa Visku, Strandvegi 50, 3 hæð.

Fundarstjóri: Smári Haraldsson

Fundarritari: Jóhann Ingólfsson og Brynjar Ingason

- 9:00 Samtök fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi
 - ◇ Katrín - Inngangur
 - ◇ Skúli Thoroddsen framkv. Starfsgreinasambandsins
- 10:00 Fræðslumiðstöð Atvinnulífsins
 - ◇ Ingibjörg Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri kynnur
- 11:00 Samningar um rekstur menntabráunnar - Inga
 - ◇ Umsókn um styrk til kaupanna
 - ◇ Samningur um rekstur brúarinnar
- 12:00 Hádegisverður og “sight seeing”
- 14:00 Kynna Fjölmennt – fullorðinsfræðsla fatlaðra
 - ◇ Inga - Inngangur
 - ◇ Bryndís Þráinsdóttir kynnur tilraunaverkefni FSNV
- 14:30 Kynningar miðstöðvanna 9 á áhugaverðum verkefnum (10 mín á miðstöð)
- 16:00 Félagsfundur KVASIS
 - ◇ Niðurstaða vorkundar - Katrín
 - ◇ Fjárlagarammi miðstöðvanna - Katrín
 - Umsókn til fjárlaganefndar
 - ◇ Starfsnefndarskil
 - Tillaga að þjónustusamningi við mmr. – Líneik / Jón / Katrín
 - ◇ Utanumhald á upplýsingum - Smári
 - ◇ Erlent samstarf - Smári
 - ◇ Markviss – Ína
 - ◇ Vottun náms utan hins formlega skólakerfis
 - ◇ Annað
- 17:30 Afgreiðsla ályktana
- 18:30 “Hvíld”

Föstudagur 7. nóvember

- 9:00 Stefnumótunarvinna – Vilborg Einarsdóttir - Framtíðarsýn
- 12:30 Hádegisverður
- 13:30 Frh. stefnumótunarvinna – Vilborg Einarsdóttir
- 15:00 Haustfundi slitið - KAFFI

Haustfundur Kvasis var haldinn í kennslustofu Visku í Vestmannaeyjum fimmtudaginn 6. nóvember 2003.

Fundarmenn: Katrín Dóra Þorsteinsdóttir, Inga Sigurðardóttir, Bergþóra Þórhallsdóttir, Skúli Thoroddsen, Líneik Anna Sævarsdóttir, Iðunn Antonsdóttir, Jón Hjartarson, Arnar Hjaltalín, Guðjónína Sæmundsdóttir, Ólafur Jón Arnbjörnsson, Guðný Björnsdóttir, Helga Björk Bjarnadóttir, Smári Haraldsson, Bryndís Þráinsdóttir, Baldur Dýrfjörð, Jóhann Ingólfsson, Þórey Jónasdóttir, Davíð Guðmundsson, Guðrún Erlingsdóttir og Arnar Sigurmundsson

Katrín setti fundinn og tilnefndi Smára Haraldssyni sem fundarstjóra. Hann stakk upp á Jóhanni Ingólfssyni og Þóreyju Jónasdóttur sem fundarriturum. Smári óskaði eftir því að þeir fundarmenn sem væru með innlegg skiluðu því á tölvutæku formi.

Samtök fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi.

Katrín sagði í örstuttu máli frá samtökunum Símennt sem stofnuð voru 1997.

Skúli Thoroddsen framkvæmdastjóri Starfsgreinasambands Íslands lýsti uppbyggingu sambandsins. Hann skírði frá ályktun ársfundar SGS um að efla fræðslusjóði, styðja við símenntunarmiðstöðvar í landinu og efla fullorðinsfræðslu. Hann rifjaði upp stofnun Kvasis og lýsti hugmyndum um stofnun heildarsamtaka um fullorðinsfræðslu í landinu og nefndi þar símenntunarmiðstöðvarnar, Mími, Námsflokka Hafnarfjarðar og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins til sögunnar. Hann ræddi um samstarf Kvasis við erlend starfsmenntafélög EAEA. Einnig lýsti hann hve mikils virði það er fyrir íslensk samtök að rödd íslenskrar fullorðinsfræðslu verði sem sterkust í norrænu samstarfi, til þess verða samtökin að verða stærri.

Umræður urðu um fullorðinsfræðslu og norrænt samstarf. Velt var upp hugmyndum um hvernig heildarsamtökin yrðu uppbyggð og hverjir kæmu að því.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir framkv. stjóri tók til máls.

Hún vakti athygli á stöðu Íslands varðandi fjölda útskrifaða 22ja ára nemenda úr framhaldsskóla. Þar er staða okkar áberandi slæm í samanburði við aðrar þjóðir.

Hún sagði frá því að það er mikið verið að leita leiða til að meta svokallaða raunfærni.

Nokkrar fyrirspurnir komu frá fundarmönnum.

FA hefur áhuga á að mynda samstarfsnet með símenntunarmiðstöðvunum. Hún minntist á Markviss, tækið sem stöðvarnar og Mímir hafa nú þegar. Spurning er, er hægt að finna annað tæki sem tekur minni tíma fyrir notendur.

Fram komu vangaveltur um hvort símenntunarmiðstöðvar hefðu ekki getað sinnt hlutverki FA. Hugtakið “nýlendustefna” lítillaga tekið fyrir.

Ingibjörg ítrekaði mikilvægi þess að viðurkenna óformlegt nám.

Samningur um rekstur menntabráarinnar.

Inga Sigurðardóttir tók til máls. Í fundargögnum var bréf sem sent var til Fjárlaganefndar Alþingis og drög að samningi um rekstur menntabráarinnar. Inga fór í gegnum bréfið sem fylgdi umsókninni til Fjárlaganefndar Alþingis um styrk til kaupana á menntabrunni þar sem fram kom ástæðan fyrir því að ráðist hafi verið í kaupin án þess að fjármagn til þess hafi verið tryggt fyrirfram.

Farið var yfir drög að samningi um rekstur og aðgengi að menntabrunni.

Umræður urðu um samninginn og efni hans, gjaldtöku og rekstrarforsendur. Rekstrarkostnað og umfang. Umræður urðu um það hvort rétt væri að gera breytingar á 9. grein samningsins. Fram kom tillaga um að tekjur af brunni renni í sameiginlegan sjóð. Hver símenntunarmiðstöð verðleggur síðan sinn kostnað svo sem húsaleigu og annan kostnað sem fellur til. Tillagan samþykkt

Hádegisverður og “sight seeing”

Fjölmennt – fullorðinsfræðsla fatlaðra.

Inga hélt inngang og kynnti aðildarfélög. Hún lýsti markmiðum fullorðinsfræðslu fatlaðra, tekjum og samstarfi við símenntunarstöðvar. Hún rakti framtíðarsýn og stefnu Fjölmenntar.

Bryndís kynnti tilraunarverkefni fyrir fatlaða sem unnið var í Skagafirði vorið 2003

Kynning miðstöðvanna 9 á áhugaverðum verkefnum

1. Jón Hjartarson, frá Fræðsluneti Suðurlands, var með kynningu á miðvikudagskvöldinu. Hann sagði frá því að þau vildu keyra fast á háskólanámið (til að draga vagninn)

Þau stilltu upp pakka fyrir fólk með litla skólagöngu, 74 stundir, bland í poka. En mjög fáir sóttu um, kannski var innihaldið of líkt skólanum sem þetta sama fólk hafði flosnað upp úr.

G.Ágúst Pétursson er að læra frumkvöðlafræði og hann ætlar svo að kenna kennurum sömu fræði á námskeiði sem Fræðslunet Suðurlands ætlar að hafa. G.Ágúst er líka að þýða námsefni. Jón sagði líka frá svokallaðri Vísindavíku.

2. Iðunn Antonsdóttir, frá Fræðslumiðstöð Þingeyinga, var einnig með kynningu um kvöldið, hún sagði frá 400 st. hagnýtu skrifstofunámi og 224 st. umönnunarnámi. Námið var að hluta til skipulagt með þátttakendum, það var alltaf gefinn tími til að skoða hvað skal gera næst. Iðunn fléttaði líka Markviss inn í gerð námskeiðsins. Sýn nemenda á sjálfan sig breytist við það að ganga í gegnum svona nám, einnig sýn atvinnurekenda á starfsmanninn. Iðunn leggur áherslu á að svona nám verði metið inn í framhaldsskólann.

3. Farskóli Norðurlands vestra. Bryndís Þráinsdóttir kynnti.

Sarpur, samstarfsverkefni Farskólans og verkalýðsfélaganna. Útbúin mappa fyrir feril fólksins. Hins vegar hönnun námsefnis. Markhópurinn er fólk með mjög litla grunnmenntun. Verið að kenna námsefni 1.annar á tveimur stöðum. Búið að gera kennsluáætlun og námsefni, kennarar þurfa ekki að byrja á því. Farskólinn fékk styrk frá Landsmennt til að hana námskeiðið.

4. SÍMEY, Katrín Dóra Þorsteinsdóttir sagði frá því að SÍMEY væri komin í nýtt húsnæði með kennslustofu, í miðju iðnaðarhverfi. Hún sagði að aðalmálið hjá þeim væru lausnir sem henta fyrirtækjum, sérsniðnar lausnir fyrir hvert og eitt.

Svo kynnti hún pakka sem heitir: Sérfræðingur í sínu heimili. Markhópur karlmenn 30 til 60 ára sem hafa verið inni og úti í atvinnulífinu. Verið að keyra þetta núna, þátttakendur ánægðir með þetta.

5. Líneik frá Fræðsluneti Austurlands.

Hún sagði frá nýuppsettu Háskólanámssetri FNA á Egilsstöðum.

6. Bergþóra í Visku í Vestmannaeyjum.

Mestur tími hefur farið í að kynna fyrir Eyjamönnum hvað Fræðslumiðstöðin er. Haldin hafa verið námskeið í sambandi við náttúru og sögu Eyjanna. Bergþóra setti á laggirnar 5 tinda námskeið í sumar, samhliða því örnefnanámskeið. Nú er leshringur í gangi vegna Reisubókar Guðríðar Símonardóttur. Húsin í götunni, námskeið um sögu og skipulag.

7. Ína frá Miðst. Símenntunar á Suðurnesjum.

Hún sagði frá hugmynd sem er í gangi. Það hefur verið áttak í lestrarmálum í Reykjanesbæ. Erfitt að ná í lesblinda. Kom fram hugmynd um að bjóða upp á greiningu, það verður gert á næstu vikum. Búið að tala við öll stéttarfélag um þetta og svæðisvinnumiðlun. Þarf svo að þróa áframhaldið.

8. Inga frá Símenntunarmiðstöð Vesturlands.

Hún sagði frá Menntasmiðja unga fólksins á Akranesi sem er í gangi nú á haustönn. 12 nemendur í 12 vikur. Nemendur sem eru á atvinnuleysisbótum fá þær áfram.

9. Smári frá Fræðslumiðstöð Vestfjarða. Ekkert sérstakt verkefni sem hann vill kynna en hann vill gjarnan segja frá því “hvað ertu að gera allan daginn?”

Þeir hafa verið að vinna með fjölþjóðasamfélagið sem er þarna fyrir vestan. Þarf að gera eitthvað fyrir samfélagstúlka.

Félagsfundur Kvasis

Katrín kynnti ályktanir frá vorþingi. og fór yfir greinagerð með umsókn til Fjárlaganefndar Alþingis um rekstraframlag til símenntunarmiðstöðvanna.

Starfsnefndarskil

Líneik kynnti tillögu að þjónustusamningi við mmr. um grunnverkefni fræðslu- og símenntunarmiðstöðvanna.

Jón kynnti seinni hluta samningsins sem snéri að þjónustusamningi við mmr. vegna sérverkefna fræðslu- og símenntunarmiðstöðvanna.

Starfsnefndinni var falið að gera smávægilegar orðalagsbreytingar og vinna áfram við samninginn og fara með hann á fund Menntamálaráðherra. Rétt þykir að bíða eftir nýjum Menntamálaráðherra. Rétt um að næsta haust þ.e. 2004 verði sótt um fjármagn til framkvæmda grunn- og sérverkefna.

Katrín skýrði muninn á hugmyndunum að baki grunn- og sérverkefna.

Ut anumhald á upplýsingum Smári gerði grein fyrir þessum lið.

Hann vísaði í ályktun frá vorkundi um söfnun upplýsinga (fjöldi nem, o.fl.). Fjármálin voru látin liggja á milli hluta. Hann fór yfir hvaða upplýsingar hann leggur til að verði safnað, en lítur ekki á að þetta sé endanleg útgáfa. Nokkrar umræður urðu um þessa punkta. Það liggja ekki allar upplýsingar ljósar fyrir í kerfum þeim sem miðstöðvarnar eru að nota. Íðunn er með gagnagrunn sem hefur flestar þessar upplýsingar. Með fundargerðinni fylgir blaðið eins og það var samþykkt.

Erlent samstarf sleppt því Skúli tók það í morgun í dagskrárliðnum samtök fullorðinsfræðsluáðila.

Markviss Ína

Hún dreifði mörgum blaðsíðum af upplýsingum um Markviss.

Þau hafa verið að vinna meira við heimasíðuna, hún á að geta upplýst betur um út á hvað verkefnið gengur. Verið er að gera nýjan bækling, Ína vill gjarnan fá einhvern til að fara yfir bæklinginn með sér. Hún vill fá Emil fyrir austan og Erlu á Akureyri með sér.

Ína varpaði fram spurningu um hvort stöðvarnar vildu halda áfram að borga sömu upphæð vegna Markviss eða gera breytingu?

Ínu falið að ná þessu fólki í yfirferð og gefa út bæklinginn.

Vottun náms utan hins formlega skólakerfis – Katrín Dóra

Mennt ætlar að endurlífga faghóp sem vann í þessu máli. Inga er á leið til Svíþjóðar. Inn í þetta kemur líka FA. Ingu falið að vinna í þessum faghópi. Emil fer líka til Svíþjóðar og hann verði varamaður Ingu.

Önnur mál.

a) Baldur sagði frá fundi stjórnarmanna í dag, þar sem þeir báru saman bækur sínar. Áhugi á að styðja betur við miðstöðvarnar og ná tengslum við baklandið. Einnig rædd ábyrgð og hlutverk stjórnarmanna bæði inn á við og út á við. Stefnt að fundi stjórnarmanna fljótlega eftir áramót, fá tvo frá hverri stöð. Ekki á að stofna nein samtök.

b) Katrín Dóra las bréf frá Steinþóri Þórðarsyni frá kennslumiðstöð HÍ.

Þetta bréf fylgir fundargerðinni.

Stjórninni falið að taka þetta mál til vinnslu.

c) Bryndís, hjá Farskóla Noðurlands vestra, fékk heimsókn frá Ríkisskattstjóra fyrir tveimur dögum. Komu tvö frá skattstofunni á Siglufirði og vildu ræða launamál kennara.

Þau gerðu athugasemd um að kennarar væru verktakar. Skattstjóri vill að þessu verði breytt hið fyrsta. Jón Hjartarson sagði frá upplýsingum sem hann hefur aflað sér vegna þessa. Hann mælir með samræmdum aðgerðum stöðvanna, því fleiri stöðvar geti átt von á því sama. Smári sagði frá upplýsingum sem hann fékk hjá Ríkisskattstjóra fyrir nokkrum árum. Líneik sagði frá því að hún hefði upplýst sína verktaka um hvernig þeir skuli ganga frá sínum málum. Þeir eiga t.d. að skila reiknuðu endurgjaldi fyrir áramót. Stöðvarnar ættu að upplýsa hvern og einn verktaka um hvað rétt sé að gera. Samþykkt að senda Baldur og Katrínu Dóru á fund Ríkisskattstjóra sem fulltrúa allra miðstöðvanna.

Afgreiðslu ályktana frestað til morguns.

Fundi framhaldið kl. 9:00 á föstudeginum 7.nóvember.

Afgreiðsla tillagna

Tillaga 1 Samþykkt

Haustfundur Kvasis, samtaka fræðslu-og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni haldinn í Vestmannaeyjum 5.-7. nóvember 2003, samþykkir að vinna að undirbúningi að stofnun heildarsamtaka fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi. Við undirbúninginn verði leitað viðtæks samráðs við aðila er sinna fullorðinsfræðslu s.s. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Mími símenntun

Tillaga 2 Samþykkt

Haustfundur Kvasis, samtaka fræðslu-og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni haldinn í Vestmannaeyjum 5.-7. nóvember 2003, skorar á Háskóla Íslands að bjóða reglulega upp á náms- og starfsráðgjöf í fjarnámi og nýr hópur verði innritaður árið 2004

Tillaga 3 Samþykkt

Haustfundur Kvasis, samtaka fræðslu-og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni haldinn í Vestmannaeyjum 5.-7. nóvember 2003, beinir því til Menntamálaráðherra að hann beiti sér fyrir að við 25 ára aldur öðlist fólk heimild til þess að þreyta nám við hvaða menntastofnun sem þeir kunna að kjósa, óháð fyrri formlegri skólagöngu. Með þessu verði reynsla og hvers konar nám metið að verðleikum.

Tillaga 4 Samþykkt

Haustfundur Kvasis, samtaka fræðslu-og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni haldinn í Vestmannaeyjum 5.-7. nóvember 2003, leggur til að meðfylgjandi samningur um rekstur og aðgengi að Menntabrunni verði lagður fram af hálfu Kvasis.

Tillaga 5 Samþykkt

Haustfundur Kvasis, samtaka fræðslu-og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni haldinn í Vestmannaeyjum 5.-7. nóvember 2003, leggur til að gengið verði til samvinnu við Menntafélagið ehf

Tillaga 6 Samþykkt

Haustfundur Kvasis, samtaka fræðslu-og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni haldinn í Vestmannaeyjum 5.-7. nóvember 2003, felur vinnuhóp sem hefur unnið að gerð þjónustusamnings milli símenntunarmiðstöðvanna og menntamálaráðuneytisins að halda áfram þeirri vinnu og senda samningsdrögin til símenntunarmiðstöðvanna til umsagnar og kynningar. Í framhaldi af því fari vinnuhópurinn í viðræður við menntamálaráðaherra um gerð þjónustusamnings.

Tillaga 7 Samþykkt

Haustrfundur Kvasis, samtaka fræðslu-og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni haldinn í Vestmannaeyjum 5.-7. nóvember 2003, samþykkir framkomið eyðublað til notkunar við skráningu upplýsinga í gagnagrunn Kvasis.

Tillaga 8 Samþykkt

Haustrfundur Kvasis, samtaka fræðslu-og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni haldinn í Vestmannaeyjum 5.-7. nóvember 2003, samþykkir að fela Guðjónínu að velja með sér samstarfsaðila og gefa út nýjan Markviss bækling.

Tillaga 9 Samþykkt

Haustrfundur Kvasis, samtaka fræðslu-og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni haldinn í Vestmannaeyjum 5.-7. nóvember 2003, samþykkir að árgjald símenntunarmiðstöðvanna til Markviss verði kr. 100.000 fyrir árið 2004

Fundi slitið kl. 9:50.

Fundargerð rituðu Jóhanni Ingólfsson og Þórey Jónasdóttir.